



tilv.B200401.GH

Húsameistari ríkisins

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 112 / 1964*

*komudagur 24 / 04 1990*

Reykjavík. 23. apríl 1990

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis

b.t. Guðna Ágústssonar, formanns

Alþingi v. Austurvöll

**Varðar: Bréf allsherjarnefndar frá 11. apríl 1990, þar sem óskað er eftir umsögn um þingsályktunartillögu Eiðs Guðnasonar, alþingismanns.**

Í júní 1989 voru byggingarnefnd Þjóðleikhússins, starfsmenn Þjóðleikhússins og embætti húsameistara ríkisins sammála um svonefnda tillögu A að breytingum á áhorfendasal Þjóðleikhússins. Í lok september, að lokinni skoðun á fleiri valkostum, mælti embætti húsameistara áfram með tillögu A. Var það gert í svonefndri nýtingaráætlun Þjóðleikhússins, september-áfangaskýrslu, svo og á fundum húsameistara með byggingarnefnd og menntamálaráðherra.

Frá þeim tíma og til þessa dags hefur sú skoðun embættis húsameistara ekki breyst. Hefur undirritaður við fjölmörg tækifæri á fundum og í fjölmiðlum lýst þeirri skoðun sinni.

Svo virðist sem, þingsályktunartillaga Eiðs Guðnasonar, alþingismanns, falli að tillögu A. Áður hefur komið fram, að húsafriðunarnefnd getur fellt sig við breytingar á Þjóðleikhúsinu í anda tillögu A.

Byggingarnefnd Þjóðleikhússins tók þá ákvörðun s.l. haust, að breytingar á áhorfendasal skuli miða við svonefnda tillögu E og menntamálaráðherra staðfesti þá ákvörðun í

janúar s.l.

Samkvæmt þeirri ákvörðun hefur síðan verið unnið að útfærslu verksins, bæði varðandi áhorfendasal og aðliggjandi "gestasvæði".


Um mismun á tillögu A og tillögu E vísast til meðfylgjandi gagna, sem eru ljósrit úr nýtingaráætlun Þjóðleikhússins, áfangaskýrslu frá september 1989 og nýjustu teikningar af tillögu E-4.2.

Niðurstaða:

Tillaga A færir til betri vegar marga af þeim ókostum, sem flestir eru sammála um, að bæta þurfi í áhorfendasal Þjóðleikhússins. Sú tillaga gengur þó eins skammt í átt til breytinga og nokkur kostur er og hún tekur fullt tillit til byggingarsögulegra verðmæta salarins. Þótt tillögu A skorti að margra mati nokkra af kostum tillögu E, einkum að því er varðar tengsl leikara og áhorfenda, þá mun leikhússalurinn, samkvæmt tillögu A þó hafa ýmsa aðra kosti, sem vega þar upp á móti.

Embætti húsameistara ríkisins telur, að farsælla hefði verið að framkvæma breytingar á Þjóðleikhúsinu skv. tillögu A.

Virðingarfyllst



Garðar Halldórsson

Afrit sent:

Byggingarnefnd Þjóðleikhússins  
b.t. Skúla Guðmundssonar, formanns

Svavari Gestssyni, menntamálaráðherra

# **FYLGISKJAL**

## **ENDURREISN ÞJÓÐLEIKHÚSSINS**

**ÚRDRÁTTUR ÚR ÁFANGASKÝRSLU NÝTINGARÁÆTLUNAR FRÁ SEPT. '89**

**Umfjöllun: Tillögur A og E-4.1**

**Á fundi með byggingarnefnd Þjóðleikhússins 11.10.1989  
mælti húsameistari með tillögu A.**

## 32 TILLÖGUR FRÁ MAÍ TIL SEPT. 1989

Á tímabilinu frá maí til sept. hafa verið skoðaðar ýmsar tillögur að breytingum á svonefndum "gestasvæðum", þ.e. aðalsal og aðliggjandi aðkomurýmum. Leitast hefur verið við, að líta á hverja tillögu með opnum huga, jafnvel þótt sumar hverjar hafi virst erfiðar í úrlausn, við fyrstu sýn.

Tillögugerðunum má skipta í tvennt, tillögu A, sem þróaðist frá mars til maí og síðan tillögur B til og með F, sem unnar voru eftir fundi, í lok júní, með leikhúsráðgjafanum Miklas Ölveczky.

Eftirfarandi atriði eru sameiginleg öllum tillögum:

- \* Framsvið og hljómsveitargryfja eru stækkuð, og settar sviðslyftur í hljómsveitargryfju.
- \* Skyggni yfir leiksviði er breytt m.t.t hljómburðar og lýsingar.
- \* Ljósabrá er komið fyrir í sal, á þann hátt, að hún er ekki sýnileg, þegar gestir ganga í salinn, en rennur fram þegar ljós eru deyfð.
- \* Hliðarljósstödurum er komið fyrir innfelldum í báða hliðarveggi salar.
- \* Lyftu verði komið fyrir við austurhlið hússins, frá kjallara upp á 2. hæð, til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang um húsið.

### 32.1 TILLAGA A

Tillagan gerir ráð fyrir, að lagfæra, svo sem unnt er, ýmsa galla sem eru á "gestasvæðum", án þess að breyta í nokkrum aðalatriðum uppbyggingu leikhússins. T.d. er lagt til, að auka aðeins halla á salargólfi. Yrðu þá fremstu sætin, næst leiksviði salarins, hækkuð lítillega en sætaraðirnar aftast í salnum hækkaðar meira, þannig að halli salargólfs verður nokkru meiri en nú er. Við það batna sjónlínur í sal eitthvað, án þess að um meiriháttar útlitslega breytingu sé að ræða. Neðri svalir eru rýmkaðar, þ.e. ein sætaröð, felld burt,

en efri svölum er nánast ekkert breytt.

Sæti eru tekin burt til beggja hliða í sal og þannig mynduð gönguleið með hliðarveggjum. Við það skapast t.d. betri tengsl leikara við áhorfendur og nýjir möguleikar á innkomu í sal.

Hljóð- og ljósaklefi (tækniklefi) er fluttur af 2. hæð, og komið fyrir aftast í sal á 1. hæð. Við það mun aðstaða tæknimanna batna, auk þess sem dýrmætt rými vinnst við, að núverandi tækniklefi við Kristalsal fer burt.

#### Kostir tillögunar:

- \* Endurbætt húsnæði án gjörbyltingar.  
Þjóðleikhúsið mun áfram vera eina leikhús síns tíma, héraendis.
- \* Lágmarksaðgerð er æskileg út frá húsfriðunarsjónarmiðum.
- \* Sú stemmning, sem fylgir fyrirkomulagi salarins, aðalgólf og svalir helst.
- \* Hljómburður, sem talinn er mjög góður, bæði fyrir leik og óperu, helst óbreyttur.
- \* Rými tæknimanna er vel staðsett á 1. hæð.
- \* Rými vinnst á 2. hæð við Kristalsal.
- \* Ódýrasta tillagan, og sú sem er aðgengilegust í framkvæmd.

#### Ókostir tillögunar:

- \* Sjónlínur í sal batna lítið, frá því sem nú er.
- \* Tengsl milli áhorfanda og leikara, einkum á svölum eru lakari en í nýjum leikhúsum.

#### 32.2.4 Tillaga E

Salargólf er hækkað upp að aftan, í hæð við 2. hæð, þ.e. Kristalsal. Efri svalir eru nánast óbreyttar. Tækjaklefi er aftast í sal, þ.e. á 2. hæð, á sama stað og í dag. Neðri svalir eru fjarlægðar.

##### Kostir tillögunar:

- \* Sjónlínur batna verulega frá öllum sætum á salargólfi.
- \* Tengsl verða úr sal bæði við 1. og 2. hæð.
- \* Svæði vinnst á 1. hæð, undir salargólfi, sem nýta mætti t.d. fyrir veitingasölu eða fatahengi.

##### Ókostir tillögunar:

- \* Efri svalir eru nánast óbreyttar frá því sem er í dag, þ.e. sjónlínur batna nánast ekki. Aðkoma er óbreytt frá 3. hæð.
- \* Rúmmál salar minnkar, en það hefur neikvæð áhrif á hljómburð tónlistar.

#### 32.3.1 Tillaga E-3

Salargólf er hækkað upp á 2. hæð, Kristalsalar. Neðri svalir eru fjarlægðar. Efri svalir eru brotnar niður og byggðar að nýju, lengra fram í sal. Hæð svara miðast við, að tæknimenn sjái allt sviðsopið standandi í tækniklefa, sem er á sama stað og í dag.

### 32.3.2 Tillaga E-4.1

Hæð svala er lægri en í tillögu E-3. Hæðin miðast við, að tæknimenn sjái sviðsopið, þegar þeir sitja í tækniklefa. Hugsanlegt afbrigði af staðsetningu tækniklefa felst í því að flytja klefann upp á 3. hæð, aftan við svalir. Sú staðsetning er lakari að mati tæknimanna.

#### Kostir tillögunar:

- \* Sjónlínur úr sal eru góðar.
- \* Rými vinnst á 1. hæð, undir salargólfi.
- \* Tengsl úr sal eru bæði að 1. og 2. hæð.
- \* Aðgangur að svölum er frá 2. hæð.

#### Ókostir tillögunar:

- \* Sjónlínur frá svölum eru lítið betri en af efri svölum í dag.
- \* Efri svalir eru háar og brattar, svipað og er í dag.
- \* Mikið brot og steypuvinna fylgir tillögunni.

Þær tillögur, sem mesta skoðun og/eða umfjöllun hafa hlotið eru tillögur A, E og F.

Tillaga A: Lítið breyttur salur með lagfærðum gólfhalla.

Tillaga E: Gólfhalli stóraukinn og svölum fækkað úr tveim í einar.

Tillaga F: Báðar svalir felldar niður og öll sæti á einum hallandi fleti.

Salur Þjóðleikhússins er byggður upp með eins konar barrok fyrirkomulagi, einu lítið hallandi salargólfi ("parket"), svölum og viðhafnarstúkum sín hvoru megin við leiksvið.

Þessi uppbygging er hefðbundin í leikhúsum frá þeim tíma, þegar Þjóðleikhúsið var hannað. Í Þjóðleikhúsinu eru svalirnar þó ekki eins skeifulaga og venja var. Þetta form skapar ákveðna stemmningu, sem er önnur en í sýningarsölum með hallandi gólfi.

Þjóðleikhúsið er fyrsta sérhannaða leikhús þjóðarinnar. Sú staðreynd hefur því ein sér byggingasögulegt gildi. Það eitt ætti að vera nóg til þess, að gengið verði varlega til verks, þegar hugað er að breytingum.

Við ákvarðanatöku þarf að leggja mörg atriði á vögskálar. Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, flæði gesta, sjónlínur, nálægð milli leikara og áhorfenda, og þá stemmningu, sem núverandi fyrirkomulag gefur, ásamt ýmsu fleiru. Vandinn er, að meta vægi menningarsögulegs gildis á móti bættum sjónlínunum.

Öll listform eru háð breytingum. Þau eru í stöðugri þróun, sem oft er erfitt að meta á hlutlausan hátt, fyrr en eftir á, í ljósi sögunar.



Þannig hefur nútíminn ávallt átt erfitt með að meta stöðu verka sinna, á sama hátt og gert er, þegar horft er til baka.

Á síðustu árum hafa komið fram síauknar óskir um vaxandi frelsi við uppfærslu leikrita. Samfara því koma fram óskir um óbundnari og tæknilega fullkomnari umgjörð, þ.e. byggingu utan um verkin. Á hinn bóginn er vert að vekja athygli á þörf fyrir hið hefðbundna leikhús. Þrátt fyrir áhuga margra leikstjóra á að flytja eldri verk í nýjum búningi, munu þó uppfærslur, sem taka mið af þeim tíma, sem verkin voru samin á, aldrei leggjast af. Slíkar uppfærslur njóta aukins stuðnings í byggingu, sem tekur meira tillit til þeirra tíma. Ef að menn geta fallist á, að Þjóðleikhúsið sé að verulegu leyti þess konar bygging, þá er hér um að ræða þá einu, sem þjóðin á. Segja má að Þjóðleikhúsið henti að jafnaði ekki fullkomlega fyrir uppfærslur á verkum nútímans. Þar á móti hefur Þjóðleikhúsið algera sérstöðu hér á landi með tilliti til uppfærslu á eldri verkum.

Nútíma leikhús gerir kröfu um nálægð milli leikara og áhorfanda. Kemur það fram í þeim leiksölum, sem byggðir eru í dag. Þannig þykir mikilvægt, að sjónlínur frá öllum sætum séu fullkomnar, og helst, að salnum sé hægt að breyta á margvíslegan hátt, þ.e. uppsetningarmöguleikar séu sem fjölbreyttastir. Það er einnig áberandi, að minni salir eru vinsælir, m.a. vegna meiri nálægðar, þ.e. tengsla milli leikara og áhorfanda.

Ein skýring á þessari þróun, sem nefnd hefur verið, eru þeir túlkunarmöguleikar, sem komu með kvikmyndum og sjónvarpi. Sjónvarpið kemur jafnvel inn í stofu til áhorfandans, þ.e. leikarinn nær mikilli nálægð við áhorfandann í því leikformi.

Það er þó augljóst, að leikhúsið mun aldrei ná fram sömu áhrifum og þessir miðlar, frekar en þeir ná fram áhrifum leikhússins, enda

varla æskilegt.

Með tilliti til óperuflutnings er hljómburður í sal Þjóðleikhússins með mikilum ágætum og húsið í reynd það eina á landinu, sem hentar til óperuflutnings.

Tillaga A byggir á því að haldið sé sem mest í uppbyggingu, útlit og stemmingu salar Þjóðleikhússins. Með því er tryggt, að þjóðin eigi eitt leikhús af þessari gerð, um ókomna framtíð.

Þessi tillaga hefur á f.h.l. sumars hlotið góðan hlómgrunn hjá leikstjórum, leikmyndahönnuðum og ýmsu öðru starfsfólki hússins.

Fulltrúar bygginganefndar, leikara og húsameistara fóru í ferð um Norðurlönd, til að skoða ýmis fremstu leikhús Norðurlanda, sem flest eru frá síðari hluta 19. aldar og fyrstu árum 20 aldar. Á öllum þeim stöðum hefur verið farið varlega í breytingar. Þar sem breytingar höfðu verið gerðar voru þær í anda tillögu A. Hvergi var gengið eins langt og tillögur E og F gera ráð fyrir.

Ef fara á í róttækari breytingar á leikhússalnum en gert er ráð fyrir í tillögu A, þurfa rökin fyrir því að veða mjög þungt.

Tillögur E og F eru unnar m.t.t. þess markmiðs, að sjónlínur hússins verði bættar verulega umfram tillögu A. Var það gert að tillögu ráðgjafa byggingarnefndarinnar, Miklos Ölveczky.

Tillaga E byggir á málamiðlun, þar sem haldið er í einar svalir og þar með eitthvað af núverandi stemmningu salarins. Ef farið verður í þá framkvæmd, þarf að brjóta niður báðar svalirnar og byggja einar nýjar í þeirra stað.

Við það fást ágætari sjónlínur úr sal. Svalir í E tillögum, að undanskilinni E5, með um 1/3 af sætafjöldanum, verða áfram með

slæmar sjónlínur og mikin bratta, þ.e. nánast eins og efri svalir í dag. Í tillögum E-5 eru svalirnar nær því að vera eins og neðri svalir í dag. Miklos Ölveczky telur tillögu E í öðru sæti af þeim tillögum, sem gerðar hafa verið.

Tillaga F er sú tillaga, sem Miklos Ölveczky mælir með. Hún byggir á því, að salnum verði gjörbreytt, þannig að bestu hugsanlegu sjónlínur náist frá öllum sætum. Þessi tillaga er það róttæk, að ekkert verður eftir af núverandi formi eða útliti salarins.

Þessi tillaga er í reynd því aðeins réttlætanleg, að menn komi sér saman um, að salurinn sé svo gallaður, að óhæft sé að nýta hann til sýninga, í því formi sem hann er.

Leikmyndahönnuðir höfðu eins og kunnugt er, byggt líkan af aðalsalnum, sem líkist tillögu F. Áhugi á þeirri tillögu dvínaði við nánari skoðun.

Bent hefur verið á, að ábyrgðarluti sé, að ákvarðanataka um jafn róttækar tillögur og E og F byggi á álitum eins manns, einkum þar sem hann metur fyrst og fremst "gæði" salarins út frá tjáningartengslum, en ekki út frá öðrum sjónarmiðum.

M.a. hefur verið bent á nauðsyn þess, að húsfriðunarnefnd fjalli um málið, þó húið hafi enn ekki náð þeim alúri, að vera friðað lögum samkvæmt.

Hugsanlegt er, að skortur á fjármagni muni sjálfkrafa dæma í máli þessu, þ.e. að tillaga A, eða jafnvel engin breyting á sal verði valin sem eina raunhæfa lausnin.

Ef fjármunir verða til reiðu, til slíkra stórræðna, sem tillögur E og F í reynd eru, þá ætti þó að hugleiða, hvort ekki sé réttara að viðhalda salnum í núverandi mynd, og byggja fyrir fjármagnið fullkominn en minni nútíma leiksal austan við Þjóðleikhúsið, eins og gert er ráð fyrir í framtíðartillögum nýtingaráætlunarinnar.

Verði sú leið farin, verða innan veggja Þjóðleikhússins möguleikar  
á að skapa viðeigandi umgjörð um leikverk allra tíma.